

# LEIKREGLUR



Skannaðu hér

HEI TRUMPY.  
ÉG ER  
SVANGUR!



Fjöldi leikmanna er ótakmarkaður. Stokkið og skiptið öllum spilunum á milli leikmanna með framhliðina niður. Spilin eru látin í bunka sem leikmenn hafa á hendi en þeir mega bara skoða efsta spilið. Leikmaðurinn vinstra megin við þann sem gefur byrjar á því að lesa upphátt eitthvert atriði á efsta spilinu (t.d. Hugrekki: 39). Aðrir leikmenn lesa nú upphátt sama atriðið á sínu spili. Sá sem hefur bestu eða hæstu töluna vinnur umferðina. Hann fær spil hinna og setur þau neðst í bunkann sinn ásamt spilinu sínu. Sigurvegari umferðarinnar snýr við næsta spili og velur atriði fyrir næstu umferð.

Ef tvö eða fleiri spil eru með sömu töluna eða þá að

engar upplýsingar eru um viðkomandi atriði eru öll spilin í umferðinni lögð til hliðar og sami leikmaður og valdi í þessari umferð byrjar á þeirri næstu. Sigurvegari þeirrar umferðar fær öll spilin fyrir báðar umferðirnar. Sá leikmaður sem nær öllum spilunum er sigurvegarinn.

TOPPY.  
ÉG VIL  
BANANA!!

